

Jarðhitanýting í Reykholti, Bláskógabyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 2. janúar 2026 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Bláskógabyggð um jarðhitanýtingu í Reykholti í Bláskógabyggð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið

3.17 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfis- og orkustofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Jarðhitanýting í Reykholti, Bláskógabyggð. Fyrirspurn um matsskyldu. ÍSOR, unnið fyrir Bláskógabyggð. 17. október 2025.

Fylgigögn með greinargerð:

- Reykholt í Bláskógabyggð, Deiliskipulagsbreyting – hreinsistöð og nýting jarðhita. Efla, 6. júní 2025.
- Reykholt – hreinsistöð og borhola. Minnisblað um tengd mannvirki. Efla, 27. nóvember 2025.
- Borhola RH-07 og lagnaleið að Skólabraut, Reykholti. Yfirlitsmynd. Efla 12. desember 2025.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Bláskógabyggð, dags. 5. janúar 2026
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dags. 2. febrúar 2026
- Minjastofnun Íslands, dags. 3. febrúar 2026
- Umhverfis- og orkustofnun, dags. 6. janúar 2026

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 15. febrúar 2026.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í því að nýta jarðhita úr borholu RH-07 sem þegar hefur verið boruð. Borun vinnsluholunnar RH-07 lauk í byrjun febrúar 2025. Holan var boruð niður á 450 m dýpi en gjöfulasta æðin er á 392 m dýpi. Gert er ráð fyrir nýtingu allt að 70 L/s af 90 til 100°C heitu jarðhitavatni í Reykholti. Þar af afkastar RH-07 allt að 20 L/s í sjálfrennsli.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að byggð verði um 127 m² dælustöð/skiljuhús yfir borholuna. Gufa frá gufuskilju verði leidd í skurð nálægt borholu þar sem hún þéttist og blandist ofanvatni. Þá þurfi að leggja 250 mm lögn um 800 metra frá dælustöðinni að núverandi stofnlögnum við Skólabraut. Þar sem vatn úr borholunni sé of heitt til notkunar beint inn á dreifikerfi hitaveitu verði notast við uppblöndun með bakrásarvatni til að lækka hitastig vatnsins áður en það fari inn á dreifikerfi hitaveitunnar. Þetta bæði minnki álag á lagnir og annan búnað dreifikerfis hitaveitu, auk þess sem hægt sé að bæta orkunýtingu verulega með þessu. Búnaður til



upplöndunar sé til staðar í miðlunartanki hitaveitu. Þá verði dælustöð tengd við fjarskiptakerfi með ljósleiðarastreng vegna fjarvöktunar og eftirlits á búnaði í dælustöð.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Bláskógabyggðar og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á jarðhitaauðlindina

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir frekari borunum vegna nýtingar á allt að 70 L/s af 90-100°C heitu jarðhitavatni í Reykholti. Um það bil 40-45 L/s af jarðhitavatni úr Reykholtshver og borholum RH-1 og RH-4 hafi verið nýtt um áratugaskeið. Sú nýting hafi ekki, svo vitað sé, haft neikvæð áhrif á vatnsborð í jarðhitageyminum, á grunnvatn, umhverfi eða á mögulega nýtingu annarra á jarðhitaauðlindinni. Prófanir á holu RH-7 sýni að hún afkasti að minnsta kosti 20 L/s í sjálfrennsli. Gert sé ráð fyrir að það verði hrein viðbót við það vatn sem þegar er nýtt í Reykholti. Hóla RH-7 sé í um 800 – 1000 m fjarlægð frá holu RH-4 annars vegar og Reykholtshver og holu RH-1 hins vegar. Ekkert bendi til þess að nýting á sjálfrennsli muni hafa áhrif á afköst eldri hola og Reykholtshvers.

Áhrif á grunnvatn

Í greinargerð kemur fram að gert hafi verið áhrifamat í samræmi við lög um stjórn vatnamála. Í áhrifamatinu kemur fram að ekki séu fyrirsjáanleg nein áhrif nýtingar á RH-7 til viðbótar við þá nýtingu sem farið hafi fram í Reykholti um áratugaskeið á grunnvatnshlotið Kerlingarfjöll - Hreppar (103-287-G) vegna nýtingar Bláskógaveitu. Matið byggir á áhrifum jarðhitanytingar um áratugaskeið og mati ÍSOR á afköstum nýrrar holu, RH-7. Mat ÍSOR á afköstum RH-7 sýni að hún afkasti um 20 L/s í sjálfrennsli. Engar vísbendingar séu um að nýting á sjálfrennandi vatni úr RH-7 muni hafa neikvæð áhrif á grunnvatnshlotið. Þá sé ekki talið að aukin vinnsla úr jarðhitakerfinu muni valda breytingum á grunnvatnsborði á svæðinu og að magnstaða verði í góðu ástandi skv. kröfum reglugerðar um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Ekkert í fyrirliggjandi gögnum bendi til þess að aukin jarðhitavinnsla muni hafa neikvæð áhrif á efnafræðilega gæðapætti.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að þar sem framkvæmdin geri ráð fyrir jarðhitanytingu þurfi að fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á vatn í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027. Slíkt áhrifamat þurfi að fylgja umsókn um nýtingarleyfi.

Áhrif á náttúrfar

Í greinargerð kemur fram að landi verði raskað lítillega með lagningu heitavatnslagnar frá framkvæmdasvæðinu að öðrum innviðum Bláskógaveitu. Nú þegar liggur fráveitulögn frá Reykholti að skólphreinsibúnaði sem er í Tungurima 27 og verður hitaveitulögn lögð að mestu til hliðar við fráveitulögnina. Lagnaleið sé m.a. á milli tjaldsvæðis og íþróttavallar í Reykholti og megi gera ráð fyrir því að það þurfi að fjarlægja hríslur úr skjólbelti við tjaldsvæði. Land sem stofnlögnin muni liggja um sé framræst mýri, en til að ekki þurfi að leggja vinnuslóða með lögninni verði lagnaefni og jarðvegur flutt á vinnusvæðið með traktorum í þurru veðri eða þegar frost er í jarðvegi. Uppgröfnum jarðvegi úr lagnaskurði verði jafnað út til hliðar við lagnaleið.

Fram kemur að ekkert bendi til þess að vinnsla úr RH-7 til viðbótar við þá nýtingu sem verið hefur í Reykholti eigi eftir að hafa neikvæð áhrif á lífríki á svæðinu. Leitast verði við að skilja vel við framkvæmdasvæðið að loknum framkvæmdum.



Menningarminjar

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að rask vegna framkvæmda hafi þegar náð norður fyrir lóðamörk þar sem fornleifar (ÁR-391:040, tóft beitarhúsa) sé að finna. Rask vegna framkvæmda nái mjög nærri beitarhúsatóftinni. Minjar þessar séu friðaðar vegna aldurs og sé óheimilt að hrófla við þeim nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Í ljósi þess hversu framkvæmdir eru komnar nærri minjunum óskar Minjastofnun eftir því að framkvæmdaraðili geri stofnuninni grein fyrir því hvernig ætlunin er að tryggja varðveislu þessara minja.

Í svörum Bláskógabyggðar kemur fram að tóft beitarhúsanna verði afmarkað með borða á framkvæmdatíma til að tryggja varðveislu minjanna.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 - 2027 og deiliskipulag fyrir hreinsistöð og nýtingu jarðhita í Reykholti. Framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar samkvæmt skipulagslögum og byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki.

Framkvæmdin er háð nýtingarleyfi Umhverfis- og orkustofnunar samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Þá þarf að kanna sérstaklega hvort starfsemin sé háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

6 Niðurstaða

Um er að ræða nýtingu jarðhita úr borholu RH-07 sem þegar hefur verið boruð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.04 og 3.17 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, vegna fornleifa sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð framkvæmd er lítil að umfangi; reisa þarf um 127 m² byggingu fyrir dælustöð og leggja um 800 metra langa lögn að fyrirliggjandi stofnlögn. Jarðborun er lokið en aukin nýting jarðhita felur í sér nýtingu á um 20 L/s af sjálfrennandi vatni og koma því á veitukerfi sem er til staðar. Litlar líkur eru til að nýting sjálfrennandi vatns úr holunni hafi neikvæð áhrif á næstu holur, Reykholtshver eða breyti grunnvatnsborði á svæðinu. Framkvæmdasvæðið er að langmestu leyti raskað eða manngert svæði innan svæðis sem er afmarkað sem þéttbýli í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 en á kafla verður lögnin grafin í framræsta mýri. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að Bláskógabyggð standi þannig að verki að ekki verði lagður vinnuslóði með lögninni, heldur verði lagnaefni og jarðvegur flutt á vinnusvæðið með traktorum í þurru veðri eða þegar frost er í jarðvegi, líkt og fram kemur í greinargerð. Með því móti verði unnt að halda neikvæðum áhrifum á gróður



og jarðveg í lágmarki. Engin verndarákvæði gilda um framkvæmdasvæðið. En Skipulagsstofnun tekur undir með varnaðarorðum Minjastofnunar Íslands vegna nálægðar við tóft beitarhúsa og telur nauðsynlegt að minjarnar verði afmarkaðar með áberandi hætti á framkvæmdatíma og verktökum gerð grein fyrir tilvist þeirra. Skipulagsstofnun telur, með hliðsjón af gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum sem bárust um þau, að neikvæðustu áhrif framkvæmdanna verði vegna tímabundins rasks á framkvæmdatíma en unnt verði að afmá þau að mestu með vönduðum frágangi.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 18. mars 2026.

Reykjavík, 17. febrúar 2026

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson

